

Vidal Escoll og Guillan Gonzalez gegn Andorru

Dómur frá 29. júlí 2008

Mál nr. 38196/05

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Fullnusta dóms. Réttindi og skyldur manns að einkamálarétti.

1. Málsatvik

Kærendur, Joseph Vidal og José Guillan Gonzalez, eru ríkisborgarar Andorru og Spánar, fæddir 1942 og 1944 og eru búsettir í Escaldes-Engordany í Andorru. Kærendur eiga tvö hús á íbúðarsvæði í Escaldes-Engordany. Þeir höfðuðu mál fyrir dómstólum í Andorra til ógildingar á byggingarleyfi sem stjórnvöld á svæðinu hefðu veitt tilteknu fyrirtæki til að byggja tvö fjölbýlishús nálægt húsum þeirra á grundvelli þess að leyfið bryti gegn lögum. Kærendur unnu dómsmálið þann 28. maí 2003. Í kjölfarið gerðu kærendur nokkrar tilraunir til að fá dóminum fullnægt, m.a. að láta rífa niður þá hluta bygginganna sem voru umfram leyfilega hæð. Í desember 2004 gekk dómur stjórnlagadómstóls með þeirri niðurstöðu að dóminum skyldi fullnægt en það hafði ekki áhrif.

Í kjölfarið hófu stjórnvöld undirbúning að eignarnámi í hluta af eignum kærenda á þeim grundvelli að breikka veg að svæðinu. Kærendur töldu að markmið eignarnáminu væri í raun að hindra fullnustu dómsins frá 28. maí 2003. Fóru kærendur á ný með mál sitt fyrir dómstóla. Í apríl 2005 komst dómstóll að þeirri niðurstöðu að réttur kærenda til að fá þá hluta bygginganna niðurrifna sem væru umfram leyfilega hæð hefði breyst í rétt til skaðabóta.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kærenda laut að því að ómögulegt hefði verið fyrir þá að fá dómi fullnægt samkvæmt efni sínu. Kvörtunin laut nánar tiltekið að aðgerðarleysi stjórnvalda á svæðinu sem og meðferð málsins um eignarnám. Töldu kærendur að 1. mgr. 6. gr. sáttmálans hefði verið brotin með því að dómsniðurstöðu um réttindi þeirra og skyldur hefði ekki verið fullnægt.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að yfirvöld hefðu átt að grípa til allra viðeigandi úrræða til að fullnægja dómnum frá 28. maí 2003. Kærendur hefðu hins vegar verið sviptir þeim rétti sem viðurkenndur var í dóminum með síðari aðgerðum og aðgerðarleysi yfirvalda. Dómstóllinn taldi auk þess að ákvörðun um að taka eignir kærenda eignarnámi gæti ekki talist til sérstakra undantekningartilvika sem réttlætt gætu að dóminum væri ekki fullnægt. Ennfremur hefðu yfirvöld ekki sýnt fram á að kærendur hefðu fengið neinar bætur. Með vísan til þessa komst dómstóllinn einróma að þeirri niðurstöðu að 1. mgr. 6. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

Kærendum var í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdar 40.000 evrur í bætur og 10.000 evrur í málskostnað.